

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Breyting á deiliskipulagi íbúðasvæðisins Grænuhliðar úr landi Efri-Brúar.

Breytingin felst annars vegar í því að lóðarmörkum lóða í efri hluta svæðisins (syðsta hluta) er hnikað um 0-30 metra og opin svæði 1. áfanga stækkuð til fyrra horfs, þó með kvöð um gegnumakstur á þegar lögðum akvegi, og hins vegar að afmörkun skipulags á opnu svæði syðst á svæðinu er breytt.

Samþykkt í sveitarstjórn 2. mars 2016.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 4. apríl 2016.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 18. apríl 2016